

Ársskýrsla og reikningur 2021

Kirkjugarðasamband Íslands



gardur.is



Efnisyfirlit

Formáli	3
Föst verkefni Kirkjugarðasambandsins	4
Önnur brýn verkefni innan málaflokksins á næstu árum	6
Stjórn og formaður	7
Rekstur KGSÍ 2021.....	7
Framlag til kirkjugarða landsins árið 2021	8
Útgáfa Bautasteins	11
Kirkjugarðasamband Íslands og kirkjugarðaráð	12
Erlend samskipti	12
Næsti aðalfundur	14
Niðurlag	15

Aftan við ársskýrsluna:

- A. Samningurinn við kirkjugarðaráð og lýsing þeirra verkefna sem KGSÍ hefur verið falið í þágu málefna kirkjugarða á Íslandi.
- B. Ársreikningur KGSÍ árið 2021.

Formáli

Kæri lesandi!

Um vorið 2021 stóð til að halda aðalfundi áráanna 2019 og 2020 sem ekki voru haldnir vegna farsóttarinnar en það reyndist ekki unnt vegna samkomubanns og voru þeir því færðir yfir á haustið. Aðalfundurinn var haldinn á Laugarbakka í Miðfirði laugar-daginn 18. september. Góð þátttaka var á fundinum og skemmtileg ferð var síðan far-in um héraðið undir stjórn staðkunnugra. Á fundinum var gerð grein fyrir starfsemi KGSÍ þessi ár sem raunar voru félagslega í lágmarki eins og gefur að skilja. Fundurinn í fyrrahaust var sem sagt aðalfundur áráanna 2019 og 2020. Átta mánuðir eru því milli aðalfundanna á Laugarbakka og í Reykjavík.



Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ.


Pann rúma aldarfjórðung, sem KGSÍ hefur starfað, hefur ávallt verið lögð áhersla á að stjórnina skipi fulltrúar frá stórum kirkjugarði, meðalstórum garði og dreifbýlisgarði.

Pannig hefur fengist þversnið af sjónarmiðum þeirra sem starfa á þessum vettvangi á Íslandi. Rekstur KGSÍ er orðinn nokkuð umfangsmikill og starfsemin innan sambandsins krefst þess að fyrir hendi sé skrifstofuaðstaða og starfsfólk sem getur gripið í og afgreitt þau verkefni sem fyrir liggja. Þessi verkefni hafa fram að þessu verið unnin á skrifstofum KGRP og KGA. Það er mín skoðun að allir stærstu kirkjugarðar landsins, þar sem aðgangur er að skrifstofuhaldi, geti vel séð um þessi verkefni sem innt eru af hendi innan KGSÍ. Við, sem hræst höfum innan um hin ýmsu verkefni KGSÍ, vitum að sambandið þarf á að halda fúsum höndum til verka. Töluverð umræða hefur verið um hvernig auka mætti áhuga þeirra sem hafa verið kosnir til starfa í tengslum við kirkjugarðana.


Á þessum fundi verða breytingar í stjórn KGSÍ. Undirritaður verður ekki í framboði sem formaður landssamtakanna og verður það verkefni aðalfundarins að velja nýjan formann. Ég veit að það kemur maður í manns stað og ég hef ekki áhyggjur að framtíð KGSÍ.

F.h. stjórnar,

Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ.



KGSÍ hefur ávallt lagt áherslu á að stjórn sambandsins skipi fulltrúar frá stórum kirkjugarði, meðalstórum garði og dreifbýlisgarði.



Duftgarðurinn Sólland í Reykjavík var vígður árið 2009.

Föst verkefni Kirkjugarðasambandsins

Formlegur þjónustusamningur var fyrst gerður við kirkjugarðaráð árið 2004 og var hann endurnýjaður 2011 og hefur verið í gildi síðan með árlegum framlengingum. Stjórn KGSÍ ákvað síðastliðið haust að óska eftir þriggja ára þjónustusamningi við kirkjugarðaráð og í framhaldi var gildandi samningur uppfærður og gerð var ítarlegri grein fyrir þeim verkefnum sem KGSÍ tæki að sér. Samningurinn var síðan lagður fyrir kirkjugarðaráð 10. febrúar sl. og samþykktur.

Neðangreind félagsleg verkefni, sem KGSÍ sinnir í þágu kirkjugarða á Íslandi, eru tíunduð í samningnum og er kostnaður við þau metinn á rúmlega 8 m.kr.

1. Rekstur á Kirkjugarðasambandi Íslands, s.s. stjórnarlaun, ferðakostnaður, aðalfundarkostnaður, stjórnarfundakostnaður. Áætlaður kostnaður.....	kr. 1.920.000
2. Upplýsinga- og fræðslumál um málefni kirkjugarða, s.s. útgáfa Bautasteins o.fl. Áætlaður kostnaður.....	kr. 1.530.000
3. Sérfræðikostnaður. Áætlaður kostnaður.....	kr. 1.500.000
4. Bókhald, fjárvarsla og endurskoðun. Áætlaður kostnaður.....	kr. 1.300.000
5. Áætlaður aðalfundakostnaður.....	kr. 700.000
6. Áætlaður kostnaður vegna þátttöku í NFKK.....	kr. 400.000
7. Ferða- og aksturskostnaður og stjórnarfundakostnaður. Áætlaður kostnaður.....	kr. 350.000
8. Rekstur á heimasíðu, www.gardur.is, þ.e.a.s. félagslegi hluti hennar. Áætlaður kostnaður.....	kr. 200.000
9. Ritföng, prentun og pappír. Áætlaður kostnaður.....	kr. 200.000
Samtals áætlaður kostnaður við félagsrekstur KGSÍ	kr. 8.100.000



Kirkjugarðurinn í Lögmannshlíð er hluti af Kirkjugörðum Akureyrar.

Með samningnum og kostnaðaráætluninni fylgir skýrsla eða nánari skilgreining á þeim verkefnum sem KGSÍ tekur að sér. Segja má að verkefni séu tvö konar: *Félagsleg verkefni* sem gerð er grein fyrir hér að framan og síðan *verkefni við að úthluta framlagi ríkisins til kirkjugarða*. Samkomulagið og skilgreining verkefna eru í heild sinni aftan við ársskýrsluna.

Þegar skilgreining verkefna er lesin yfir sést að umsvif KGSÍ eru töluverð. Við megum samt ekki gleyma því að KGSÍ hefur nú sem fyrr þann megintilgang að efla samstarf kirkjugarða og standa vörð um faglega hagsmuni þeirra og koma fram fyrir sambandsaðila gagnvart stjórnvöldum með því að gæta hagsmuna þeirra á sviði fjármála. Þýðingarmikill hluti starfseminnar er að gangast fyrir upplýsingastarfsemi í þágu kirkjugarða í því skyni að miðla hagnýtum upplýsingum á milli þeirra og ná fram hagkvæmni í rekstri og betri þjónustu.

Önnur brýn verkefni innan málaflokksins á næstu árum

Brýnt er að reyna áfram að ná fram *leiðréttingu einingaverða*. Stjórn KGSÍ hefur látið útbúa skýrslur sem styðja kröfu um leiðréttingu þeirra (sjá: <https://gardur.is/kgsi.php>). Segja má að unnist hafi áfangasigur þegar lögum var breytt og gjaldalíkanið var tekið upp í ársbyrjun 2005. Hagur kirkjugarða í heild vænkaðist næstu árin eða fram að efnahagshruni en þá tóku við skerðingar eins og flestir vita. Annar áfangasigur vannst þegar lögum var breytt árið 2020 og löggjafarvaldið aflétti skyldu kirkjugarða að greiða prestum og forstöðumönnum safnaða og lífsskoðunarfélaga þóknun vegna þjónustu við útfarir. Þessi þóknun var greidd af grafartekjum kirkjugarða. Við breytinguna gekk einingaverðið óskipt til kirkjugarða landsins. Á ársgrunni er þessi gjaldaliður um 90 m.kr. og munar talsvert um þá upphæð og segja má að þessi ráðstöfun löggjafarvaldsins hafi auðveldað kirkjugörðum að greiða verktökum sanngjarnara verð fyrir grafartöku þó að enn vanti þar töluvert á.

Sá tími mun koma að augu manna opnast fyrir því að sameina kirkjugarðastjórnir. Það verkefni hefur verið lengi á borði KGSÍ en sannfæring manna „var ekki þangað komin“ eins og sagt er í dag. Segja má að það hafi lofað góðu þegar stjórnir margra kirkjugarða í Eyjafjarðarprófastsdæmi sameinuðust í upphafi þessa átaks (2005) og þær sameiningar gengu vel og þar hvarlar ekki að nokkrum manni að snúa aftur til fyrra fyrirkomulags. Þegar sameiningarnar voru kynntar víða um land bar á því að menn teldu að sóknirnar misstu áhrif og umsjón sóknarkirkjugarðsins færi úr höndum „heimamanna“. *Þess má geta að innan KGSÍ var ávallt gert ráð fyrir því að fulltrúi hvernar sóknar væri í sameiginlegri stjórn þeirra kirkjugarða sem mundu sameinast, t.d. innan prestakalls.*

Eitt af brýnu verkefnum næstu ára er að auka fræðslu fyrir þá sem eru í stjórnnum kirkjugarða. Segja má að þetta sé eitt af grunnverkefnum KGSÍ og þarf að sinna því mun betur en gert hefur verið. Í gegnum tíðina hafa námskeið verið haldin víðsvegar um land en of langt hefur liðið á milli þeirra og ekki hefur náðst að halda námskeiðin nógu reglulega. Eflaust yrði þessi þáttur mun markvissari með stofnun sameiginlegra kirkjugarðastjórna innan prófastsdæma þar sem kirkjugarðamálin væru í brennidepli.



Möðruvallakirkja í Eyjafjarðarsveit og hið forna klukknaport.



Duftreiturrinn við Fossuogskirkju í Reykjavík.

Stjórn og formaður

Á aðalfundinum á Laugarbakka í Miðfirði 18. september 2021 gaf Þórsteinn Ragnarsson áfram kost á sér sem formaður KGSÍ og var hann einróma endurkjörinn. Guðmundur Rafn Sigurðsson og Albert Eymundsson gáfu jafnframt kost á sér í aðalstjórn og Sveinn Valdimarsson og Þórunn Ragnarsdóttir í varastjórn. Tillagan var samþykkt samhljóða. Þjóðbjörn Hannesson á Akranesi og Magnús Gunnarsson í Hafnarfirði voru áfram kjörnir skoðunarmenn reikninga.

Á árinu 2021 voru haldnir 8 stjórnarfundir, þar af einn fjarfundur, auk óformlegra funda í síma og á netinu. Fundirnir voru að jafnaði haldnir í Reykjavík.

Rekstur KGSÍ 2021

Því miður er lítið sjálfsaflafé til umráða hjá KGSÍ. Rekstraráætlun hverju sinni byggist á styrk frá kirkjugarðasjóði. Smávegis rekstrarafgangur var í árslok 2020 (sjá ársreikning aftan við skýrsluna). Á síðasta ári var niðurstaða rekstrarreiknings með 1,2 m.kr. halla sem skýrist af því að félagssjóður afskrifaði skuld grafarsjóðs að upphæð 5 m.kr. í stað 4 m.kr. 2020 og kostnaður var vegna aðalfundarins 2021 sem enginn var 2020. Launa-kostnaður lækkaði milli ára.


Segja má að á árinu 2021 hafi félagsstarf verið í lágmarki annað árið í röð og það er ljóst að mörg félagasamtök þurfa að bretta upp ermarnar og vinna þennan slaka upp á næstu misserum. Aðalfundurinn sl. haust var fyrsta samvera starfsmanna og stjórnarmanna innan KGSÍ í tæplega 2,5 ár.

Framlag til kirkjugarða landsins árið 2021

Fjárlög 2021	1.285.100.000	Brúttó	Nettó	Jöfnunarsjóður
		Samtals framlag að meðtöldu gjaldi í kirkjugarðasjóð	Samtals framlag að fráregnu gjaldi í kirkjugarðasjóð	Samtals 8% gjald í kirkjugarðasjóð
Umhirða	Framlag vegna fastakostnaðar	1.028.080.000	945.833.600	82.246.400
Greftranir	Framlag vegna grafartöku	190.836.039	175.569.156	15.266.883
Bálstofan	Framlag vegna líkbrennslu	66.183.961	60.889.244	5.294.717
	Samtals 2021	1.285.100.000	1.182.292.000	102.808.000

Framlag ríkisins til kirkjugarða landsins árið 2021 var **kr. 1.285.100.000**. Framlagið hefur verið skert verulega frá hrúni eins og fram hefur komið í gögnum KGSÍ á undanförunum árum. Einingaverð umhirðu og grafartöku hefur af þeim sökum lækkað mikið frá 2009 miðað við hækkun kaupgjalds og verðlags. Brúttóframlag ríkisins árið 2020, þ.e. ásamt framlagi í kirkjugarðasjóð, var **kr. 1.240.500.000** en árið 2021 var framlagið **kr. 1.285.100.000**. Hækkun varð á milli árána um 44,6 m.kr. eða um 3,6%. Stærstur hluti gjalda hjá stærri kirkjugörðum er launakostnaður. Á sama tíma hækkaði launavísitalan um 7,7% (júní 2020 til júní 2021) og hefur því misgengi milli framlags ríkisins og stærstu rekstrarliða enn aukist. Þessa þróun verður að stöðva.

Eitt af meginverkefnum, sem KGSÍ er falið af kirkjugarðaráði, er að láta reikna og leggja til upphæð eininga- verða fyrir hvert ár. Stjórn KGSÍ hefur undanfarin ár samið við Jóhannes Finn Halldórsson sérfræðing um að reikna út einingaverðin og er sá háttur hafður á að hann fær nokkrar forsendur frá stjórninni og reiknar síðan hvaða áhrif þær hafa á upphæð einingaverða. Þegar niðurstaða er fengin er hún kynnt á fundi með kirkjugarðaráði sem tekur endanlega ákvörðun.



Suona sjá A arkitektar fyrir sér bálstofu og þjónustubyggingar sem vonandi verða byggðar á Hallsholti í Reykjavík.



Framlag ríkisins til kirkjugarða landsins hefur verið skert verulega frá efnahagshruninu 2008.




Skeggjastaðakirkja er elsta kirkja á Austurlandi, byggð 1845.

Framlag ríkisins 2021 til kirkjugarða landsins

árið 2020 var **kr. 1.285.100.000**

að meðtöldu framlagi til kirkjugarðasjóðs

sem fær 8% af framlagi ríkisins.

**Greiðsludreifing 2021**

	Umhirða 0301-13-110560	Grafarsjóður 0301-13-110561	Bálstofa 0301-13-110564	8% gjald í kirkjugarðasjóð	Samtals
Janúar	76.292.747	14.278.586	4.533.667	8.270.000	103.375.000
Frbrúar	76.292.747	14.278.586	4.533.667	8.270.000	103.375.000
Mars	76.292.747	14.278.586	4.533.667	8.270.000	103.375.000
Apríl	86.399.626	15.687.294	6.695.414	9.459.333	118.241.667
Maí	78.819.467	14.630.763	5.074.104	8.567.333	107.091.667
Júní	78.819.467	14.630.763	5.074.104	8.567.333	107.091.667
Júlí	78.819.467	14.630.763	5.074.104	8.567.333	107.091.667
Ágúst	78.819.467	14.630.763	5.074.104	8.567.333	107.091.667
September	78.819.467	14.630.763	5.074.104	8.567.333	107.091.667
Október	78.819.467	14.630.763	5.074.104	8.567.333	107.091.667
Nóvember	78.819.467	14.630.763	5.074.104	8.567.333	107.091.667
Desember	78.819.467	14.630.763	5.074.104	8.567.333	107.091.667
Samtals	945.833.600	175.569.156	60.889.244	102.808.000	1.285.100.000



Kirkjugarðurinn á Sauðanesi á Langanesi.



Uppgerður fjölskyldugrafreitur í kirkjugarðinum á Húsavík.

Útgáfa Bautasteins


Blaðið Bautasteinn er prentað í 1.300 eintökum og sent ókeypis til alþingismanna, oddvita sveitarstjórna, presta og tengiliða KGSÍ við hina fjölmörgu kirkjugarða landsins. Margir kirkjugarðar styrkja útgáfuna með kaupum á blaðinu sem síðan er dreift á þjónustuvæði viðkomandi kirkjugarðs. Nær undantekningarlaust er blaðinu vel tekið. Mikill metnaður hefur frá upphafi verið innan stjórna KGSÍ og ritstjórnar Bautasteins að hafa blaðið vandað og með fréttir og greinar sem víðast af landinu. Valþór Hlökkversson framkvæmdastjóri hjá Ritformi ehf sér um útgáfu blaðsins. Í ritstjórn eru: Guðmundur Rafn Sigurðsson, Sigurjón Jónasson, fyrrv. rekstrarstj. KGRP, Albert Eymundsson og Þórsteinn Ragnarsson.

Stjórn KGSÍ hvetur þá kirkjugarða sem kaupa (styrkja) blaðið að dreifa því til þeirra sem koma að málefnum kirkju og kirkjugarðs í heimahéraði. Fjöldi eintaka sem send eru, er í réttu hlutfalli við stærð viðkomandi garðs. Efni blaðsins höfðar til flestra, þar eru fróðlegar greinar víðsvegar af landinu.

Bautasteinn kom síðast út í apríl sl. (1. tölublað 27. árgangs). Að þessu sinni fjallar Bautasteinn m.a. um skýrslu kirkjugarðaráðs um byggingar- og rekstrarkostnað nýrrar bálstofu á Íslandi á næstu árum. Formaður og varaformaður KGSÍ eru í nefnd innan kirkjugarðaráðs sem lét vinna skýrsluna. Félagið Tré lífsins hefur teft fram hugmyndum um byggingu og rekstur bálstofu og nú er það í höndum stjórnvalda hvor tillagan verði valin til þessarar vandasömu þjónustu. Á Norðurlöndum er þessi rekstur alfarið á höndum opinberra aðila og það er það sem tillaga kirkjugarðaráðs snýst um; að nýrri bálstofu verði stýrt af ríki, sveitarfélögum og kirkjugörðum. Sjá slóð: [bautasteinn_2022.pdf \(gardur.is\)](#)



Bautasteinn er prentaður í 1.300 eintökum og dreift til hagaðila um land allt.



Tölulegar upplýsingar um fjölda grafreita (kirkjugarða og heimagrafreti), dregnar saman á landsvæði. Upplýsingar eru fagnar úr gagnagrunnum KGSÍ og KGRP. Kort er knúið af fyrirtækinu Esri. Gögn og framsetning er unnin af Jóhannesi Finni Halldórssyni hagfræðingi.

Kirkjugarðasamband Íslands og kirkjugarðaráð

Samkvæmt lögum hefur kirkjugarðaráð yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Kirkjugarðaráð er jafnframt stjórn kirkjugarðasjóðs sem er jöfnunarsjóður fyrir kirkjugarðana. Aðalfundur KGSÍ tilnefnir einn stjórnarmann í kirkjugarðaráð og hefur formaður stjórnar KGSÍ verið tilnefndur undanfarin ár.

Erlend samskipti

Erlend samskipti voru í lágmarki árið 2021 vegna farsóttarinnar. KGSÍ á aðild að norræna sambandinu NFKK (Nordisk forbund for kirkegårder og krematorier, sjá slóðina <http://www.nfkk.eu>. Formaður KGSÍ óskaði eftir því á síðasta aðalfundi að varaformaður KGSÍ tæki aðalsæti í stjórn NFKK frá og með þeim aðalfundi og var fallist á það og stungið upp á Smára Sigurðssyni, framkv.stj. KGA sem varamanni og voru þeir báðir klappaðir upp.

Í stjórn NFKK eru haldnir 1–2 fundir á ári og eru fundarstaðir gjarnan höfuðborgir Norðurlandanna á víxl. Á þessum fundum er tekið fyrir það helsta sem er að gerast í þessum málaflokkum á Norðurlöndunum. Enginn slíkur fundur var haldinn árið 2021 en nokkrir fjarfundir voru haldnir með fulltrúum (stjórn) NFKK á Norðurlöndum.

Samnorræn ráðstefna er haldin á Norðurlöndum á fjögurra ára fresti. Samkvæmt þeirri röð, sem verið hefur undanfarna áratugi, hefur Ísland verið fjórum árum á eftir Finnlandi með norrænu ráðstefnuna og Svíar hafa



Frá bálstofunni í Vestfold í Noregi. Allar bálstofur á Norðurlöndunum eru reknar af opinberum aðilum.

verið gestgjafar fjórum árum á eftir Íslandi. Næsta ráðstefna verður í Finnlandi haustið 2022 (seinkaði um eitt ár vegna Covid-19) og fjórum árum síðar, árið 2026, hefði Ísland átt að vera með ráðstefnuna. Stjórn KGSÍ óskaði eftir því við stjórn NFKK að Ísland yrði ekki með ráðstefnuna 2026 heldur fjórum árum síðar en Svíar tækju ráðstefnuna á eftir Finnum. Þessi ósk kom fram vegna þess að útskipti verða í stjórn KGSÍ á næstu misserum og nýtt fólk kemur að stjórn KGSÍ og norræna starfinu. Ekki þótti ráðlegt að nýir stjórnarmenn fengju í fangið að undirbúa og standa fyrir ráðstefnu hér á landi á fyrstu starfsárum sínum. Stjórn NFKK varð við ósk stjórnar KGSÍ og stefnt er að því að NFKK-ráðstefnan verði á Íslandi 2030.



Frá síðasta aðalfundi KGSÍ á Hótel Laugarbakka sl. haust, frá vinstri: Margrét Guðjónsdóttir, aðalbókari KGRP, Helga Halldórsdóttir, gjaldkeri KGRP, Jónanna Hrönn Sigurðardóttir, skrifstofukona í Gufuneskirkjugarði, Helena Sif Þorgeirsdóttir, garðyrkjuverkstjóri í Gufuneskirkjugarði, Helga Oddsdóttir, skrifstofukona í Fossuogskirkjugarði og Sigurður Kristjánsson, garðyrkjumaður í Gufuneskirkjugarði.

Næsti aðalfundur KGSÍ haldinn í Reykjavík

Eins og fram hefur komið var síðasti aðalfundur KGSÍ haldinn á Hótel Laugarbakka í Miðfirði laugardaginn 18. september 2021. Reynt hefur verið að jafna staðsetningu aðalfunda niður á landsfjórðungana og var þá komið að Norðurlandi.

Nú er fundurinn haldinn á Hótel Natura í Reykjavík og verður dagskráin fjölbreytt að vanda og blandað verður saman fróðleik og skemmtun eins og gert hefur verið á aðalfundum KGSÍ frá upphafi. Á aðalfundum KGSÍ fá þeir aðilar sem vinna við málaflokkinn (kirkjugarðar/útfararþjónusta) tækifæri til að hittast og bera saman bækur sínar. Mjög þýðingarmikið er að miðla þannig þekkingu og reynslu milli manna og milli landshluta.

Dagskrá aðalfundarins er þessi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ vegna ársins 2021.
3. Endurskoðaður reikningur KGSÍ fyrir árið 2021 lagur fram til umræðu og afgreiðslu.
4. Kosning formanns KGSÍ.
5. Kosning annarra stjórnarmanna.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ.
7. Jóhannes Finnur Halldórsson sérfræðingur segir frá því hvernig einingarverð KGSÍ eru reiknuð.
8. Þjónustusamningur við kirkjugarðaráð. Þórsteinn Ragnarsson fer yfir samninginn.
9. Hjalti Hugason prófessor ræðir um heimagrafreiti á Íslandi.
10. Kári Aðalsteinsson, garðyrkjustjóri KGRP segir frá notkun rafmagnstækja við umhirðu kirkjugarða.

Matarhlé frá 12:00 til 13:00 á fundarstað.

11. Fulltrúar A arkitekta segja frá hönnun nýrrar bálstofu á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð.
12. Guðmundur Rafn Sigurðsson framkv.stj. segir frá ferð til Færeya í myndum og máli.
13. Erindi heimamanns: Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir þjóðfræðingur segir frá því hvernig útvarpsþættirnir um „Fólkið í garðinum“ urðu til.
14. Önnur mál.



Skoðunarferð að loknum aðalfundi KGSÍ sem haldinn var á Hótel Laugarbakka sl. haust.

Eftir fundinn, um kl. 14:30, verður farin skoðunarferð í rútu um þjónustusvæði KGRP. Farið verður í Hólavalla-
garð, Gufuneskirkjugarð og Kópavogskirkjugarð og nýtt þjónustuhús skoðað. Um kvöldið, kl. 19:30 snæða
aðalfundarfulltrúar og makar þeirra saman kvöldverð á Hótel Natura og skemmta sér saman eftir borðhaldið.

Niðurlag

Vonandi sjá sem flestir sem tengjast málefnum kirkjugarða sér fært að mæta á aðalfundinn. Reynt er að hafa
efni á dagskrá sem allir hafa gagn af og síðan er helmingurinn af þessu öllu að skemmta sér í góðra vina hópi.

Stjórn KGSÍ þakkar gott samstarf á vettvangi kirkjugarðamála. Ljóst er að við þær fjárhagsaðstæður sem
kirkjugarðar hafa búið við undanfarin ár reynir mikið á stjórn og starfsmenn kirkjugarða. Bestu þakkir færir
stjórn KGSÍ öllu þessu fólki.

Þegar þessar línur eru skrifaðar er ekki ljóst hver verður næsti formaður KGSÍ. Sérstakar árnaðaróskir eru
færðar nýjum formanni og það er fullvissa núverandi stjórnar að málefnum KGSÍ verði í góðum höndum þeirra
sem gefa kost á sér til stjórnarstarfa í þágu kirkjugarðamálefna.

Megi blessun Guðs vera yfir starfseminni í lengd og bráð.

Reykjavík í maí 2022.

F.h. stjórnar KGSÍ,

Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ.



Verkefni Kirkjugarðasambands Íslands (KGSÍ) og skilgreining á því hvað af þeim tilheyrir félagslegri starfsemi KGSÍ og hvað tilheyrir vinnu við að úthluta framlagi ríkisins til kirkjugarða.

Þessi greinargerð er fylgiskjal með samningi milli KGSÍ og kirkjugarðaráðs sem gerður var 10. febrúar 2022. Í þessari greinargerð verður gerð grein fyrir verkefnum í þágu málefna kirkjugarða sem Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ) sér um og gerð er grein fyrir kostnaði við þau.

Frá árinu 2004 hefur þjónustusamningur verið í gildi milli KGSÍ og kirkjugarðaráðs. Samningurinn hefur nokkrum sinnum verið endurnýjaður enda hafa nokkrar árherslubreytingar orðið á þessu tímabili. Nú hefur verið ákveðið að endurnýja samninginn og aðlaga hann að þeim verkefnum sem KGSÍ sinnir í umboði kirkjugarðaráðs og fyrirsjáanleg eru næstu þrjú árin.

Forsendur þeirra samninga sem gerðir hafa verið eru þær að KGSÍ hefur öðlast viðurkenningu sem hagsmunasamtök (grasrótarsamtök) á vettvangi kirkjugarðamála og að nokkru leyti á vettvangi útfararmála, þegar litið er til alls landsins og fulltrúi frá KGSÍ er samkvæmt lögum tilnefndur í kirkjugarðaráð.

Verkefnin sem KGSÍ hefur haft umsjón með hafa annað hvort verið greidd úr grafarsjóði eða félagssjóði KGSÍ. Sérstakur ársreikningur er fyrir þessa tvo sjóði. Kirkjugarðaráð fjallar um ársreikninginn sem gerir grein fyrir framlagi ríkisins til kirkjugarða, þar með talinn grafarsjóð en stjórn KGSÍ afgreiðir ársreikning KGSÍ (félagssjóð KGSÍ).

Tillögur frá stjórn KGSÍ.

Stjórn KGSÍ hyggst sækja um aðra kennitölu fyrir KGSÍ og færa félagsreksturinn yfir á hana en hafa rekstur um framlag ríkisins á núverandi kennitölu. Þetta auðveldar uppgjör á þessum tveimur aðskildu sjóðum og gerir ársuppgjör á framlagi ríkisins og félagssjóði KGSÍ skýrara. Undanfarin ár hefur framlag kirkjugarðasjóðs til forritunar og þróunar bókunarkerfisins verið bókfært hjá félagssjóði KGSÍ en gjaldað á grafarsjóð sem kostnaður vegna vinnu við framlag ríkisins. Þetta hefur bókhaldslega komið þannig út að félagssjóður hafi lánað grafarsjóði sem er ekki raunin. Aðskildar kennitölur koma í veg fyrir slíkar krossfærslur.

Einnig leggur stjórn KGSÍ til að í upphafi hvers árs verði byrjað á því að taka frá álíka upphæð af framlagi ríkisins sem nemur áætluðum útlögðum kostnaði við þann rekstur.

Það er einnig tillaga stjórnar KGSÍ að kirkjugarðasjóður leggi árlega fram þá upphæð sem kostar að reka KGSÍ sem grasrótarfélag enda annist sambandið þau félagslegu verkefni sem verður lýst hér á eftir.

Lýsing verkefna:

A. Tekið á móti framlagi ríkisins til kirkjugarða landsins og einingaverð ákveðið.

- KGSÍ sér um tengslin við innanríkisráðuneytið (fagråduneyti) og kallar eftir uppfærðu gjaldalíkani, þ.e. útreikningi á framlagi ríkisins ár hvert, sem útbúið er af starfsmönnum í fjármálaráðuneyti og innanríkisráðuneyti (áður dómsmálaráðuneyti). Í gjaldalíkaninu er framlaginu skipt í þrennt: Umhirðugjald, greiftrunargjald og framlag til bálstofunnar í Fossvogi.



- Eftir að hafa lagt línur um forsendur fyrir einingaverði umhirðu, greftrun og framlagi til bálstofunnar í Fossvogi, felur KGSÍ sérfræðingi að reikna einingaverð, þ.e. skiptingu til kirkjugarða landsins á árlegu framlagi ríkisins. Undanfarin ár hefur Jóhannes Finnur Halldórsson séð um þessa útreikninga og er hann nefndur sérfræðingur í þessari samantekt.
- Útreikningar eru síðan lagðir fyrir kirkjugarðaráð sem endanlega ákveður einingaverð ár hvert til kirkjugarða.
- KGSÍ sér síðan um tengslin við Fjársýslu ríkisins (Fjs) og sendi þangað útreiknaðar upplýsingar um greiðsluupphæðir umhirðugjalds, greftrunargjalds, gjalds til bálstofu og gjalds til kirkjugarðasjóðs, allt á forsendum fjárlaga og gjaldalíkans sem gert er árlega í ráðuneytunum. Greiðsla frá Fjs kemur síðan mánaðarlega inn á bankareikninga í vörslu KGSÍ skv. þeirri skiptingu sem kirkjugarðaráð hefur ákveðið.
- KGSÍ greiðir síðan mánaðarlega inn á reikninga kirkjugarða landsins þau einingaverð sem samþykkt hafa verið af verkkaupa: Umhirðugjald eftir stærð grafarsvæða, grafargjald eftir fjölda jarðsetninga og framlag til bálstofu. Kirkjugarðasjóður fær 8% af heildarframlagi ríkisins.

Þessi verkefni sem eru undir A-lið, að undanskildum verkefnum sem sérfræðingurinn annast, eru unnin af starfsfólki á skrifstofu KGRP. Vegna þeirrar vinnu innheimtir KGRP 5 yfirvinnutíma á mánuði fyrir hvern starfsmann.

Lagt er til að framlag ríkisins sjái alfarið um að greiða þau verkefni sem eru undir lið A.

B) Legstaðaskrá, bókunarkerfi og heimasíðan www.gardur.is

Miðlæga legstaðaskráin www.gardur.is sem sett var á laggirnar um síðustu aldamót hefur síðustu ár verið grundvöllur bókunarkerfisins sem hugbúnaðarhúsið Hugsmiðjan hefur forritað og þróað. Áður og lengst af var unnið með kerfi sem starfsmaður hjá KGRP forritaði og hélt utan um. Samstarf KGSÍ og Hugsmiðjunnar hófst 2015/6 og þegar bókunarkerfið var komið í gagnið árið 2019 og talið fullbúið að mestu var gerður samningur við Hugsmiðjuna um að þróa kerfið og viðhalda því. Í samningnum eru eftirfarandi þjónustupættir taldir upp:

- Ráðgjöf
- Vefhönnun & upplýsingahögun
- Viðmótsforritun
- Forritun
- Stafræn markaðsetning
- Rekstur og viðhald
- Kerfisstjórn
- Neyðarþjónusta
- Aðstoð með efni og textagerð



Innifalið í samningi:

- Hýsing á þróunar-, prufu- og raunvefsvæði KGSÍ í Amazon skýinu með 99.9% upptíma.
- Sjálfvirk vöktun allan sólarhringinn.
- Dagleg, tvöföld afritunartaka er á öllum gögnum er geymd í 30 daga.
- Mánaðarleg uppfærsla á þjóðskrá og horfínaskrá. Þjónustukaupi greiðir afnotagjald til Þjóðskrár.

Reglulegar greiðslur (jan. 2022):

- Hýsing á mánuði: 31.000 kr án vsk.
- 5 tímar á mán með 20% afslætti sem gera 104.873 kr án vsk.

Þessar greiðslur vegna þjónustusamnings við Hugsmiðjuna hafa verið greiddar úr félagssjóði KGSÍ en nú er lagt til að framlag ríkisins sjái um þessa verkþætti sem beinlínist snúast um rekstur kirkjugarða landsins.

Viðhald bókunarkerfis og þróunarvinna umfram 5 tímana hefur verið og er greidd af grafarsjóði en umsjón með þeirri vinnu hefur Arnfinnur R. Einarsson starfsmaður KGRP. Undanfarin ár hefur ARE verið tengiliður milli KGSÍ og Hugsmiðjunnar. KGRP innheimtir hjá grafarstjóði 50% af launakostnaði ARE og launatengdum gjöldum.

Verkefni ARE eru tilgreind að verulegu leyti hér að neðan:

Bókunarkerfi KGSÍ. www.admin.gardur.is

- ARE er tengiliður við Hugsmiðjuna vegna tilfallandi verkefna breytinga og vandamála.
 - Biðja um nýskráningar og breytingar á kirkjugörðum, útfararstofum, látnum sem eru ekki komnir í þjóðskrá ofl.
 - Ef kerfið stendur á sér eða villur koma upp.
 - Ef greiðslufirlitum ber ekki saman við uppl. kirkjugarðs.
 - Breytingar og viðbætur við kerfið.
 - Minna Hugsmiðjuna á verkefni sem eru ókláruð hjá þeim.
- Nýskráning notenda.
 - Úthluta lykilorðum og hlutverkum.
- Almennar leiðbeiningar um til hvers er ætlast af notendum.
- Skoða breytingasögu ef upp koma vafamál.
- Inngrip og leiðréttingar þegar notendur hafa ekki réttindi til að gera breytingar.
 - T.d. útfararstjóri náði ekki að skrá tímanlega.
 - Gera tilfæringar og leiðréttingar varðandi grafarbeiðnir.
- Eftirrekstur vegna gamalla ókláraða mála.
 - Grafarbeiðnir sem eru ekki fullgerðar eða staðfestar.



- Duftker sem hafa verið afhent og ekki skilað sér.
- Skrá og staðfesta grafarbeiðnir þar sem enginn notandi er skráður í garði.

Gamli vefur www.gardur.is

- Stjórnsetur
 - Svvara athugasemdum.
 - Nýskrá gamla látna beint í legstaðskrá (sem fara ekki í bókunarkerfið fyrst).
 - Gera leiðréttingar/ breytingar í legstaðaskrá.
- Beina athugasemdum til viðkomandi aðila ef þarf.
 - Setja inn æviágrip og breyta.
- Ítarefnisbókhald, yfirlit um innsett ítarefni og hort þau hafi verið greidd og taka úr sambandi ef ekki.
- Gera breytingar í legstaðaskrá.
- Nýskrá garða ef þarf, svo þeir birtist á gardur.is.
 - Gagnagrunnur (MyAdmin).
 - Stundum er ekkert viðmót til staðar og þá eru breytingar gerðar hér.
 - Leita í gömlum gögnum frá því áður er nýja kerfið var tekið upp
 - Uppfæra þjóðskrá/ horfinna fyrir gamla vef
 - Setja inn legstaðaskrár sem koma nýjar inn.
 - Veftré KGSÍ
 - Setja inn nýjar upplýsingar og breyta
 - Kortakerfi
 - Setja inn skipulag kirkjugarðs
 - Setja inn ný kortaleiðinúmer (leiðis ID) og breyta ef þarf
 - Samkeyra kortatöflu við legstaðaskrá
 - Setja samkeyrsluna í excelskrá og senda Sigurgeiri
 - Setja inn miðjuhnit fyrir garð og svæði í garði ef þarf, svo kortið opnast á sem réttustum stað

Hafa samband við þau fyrirtæki sem þjónusta tölvukerfin ef þarf

- Sensa
- Hugsmiðjan
- Strikamerki (Origo líkhús í Fossvogi)
- Loftmyndir



Lagt er til að framlag ríkisins sjái alfarið um að greiða þau verkefni sem eru undir lið B.

C) Vinna við legstaðaskrá o.fl.

Sjá til þess að tölvuvant fólk í héruðum fái til að uppfæra legstaðaskrárnar, þ.e. fylla út jarðsetningarskýrslu þegar jarðsett er í viðkomandi garði. Ýmis verkefni sem starfsmenn KGA hafa tekið að sér.

Safna saman og skrá ítarefni um látna Íslendinga í samvinnu við Morgunblaðið og fleiri aðila sem eiga slík gögn. Skýring: Hér er um viðvarandi verkefni, að ræða og felst í því að freista þess að koma almennt á slíkri skráningu hér á landi. Um er að ræða hönnun auglýsinga og birtingakostnað og útsendingu bréfa frá kirkjugörðum, þar sem ítarefni er kynnt. Nokkrar tekjur koma inn á þennan lið árlega. Hér er um viðvarandi verkefni að ræða sem fellur undir fræðslustarf KGSÍ.

Lagt er til að framlag ríkisins sjái alfarið um að greiða þau verkefni sem eru undir lið C.

D) Rekstur Kirkjugarðasambands Íslands: Stjórnun, upplýsinga- og fræðslumál o.fl.

Verkefni:

- Sjá um rekstur á Kirkjugarðasambandi Íslands.
- Sjá um upplýsinga- og fræðslumál um málefni kirkjugarða, útgáfu Bautasteins, fræðsluerindi tengd aðalfundi o.fl. KGSÍ gefur út Bautastein sem miðar að því að kynna þjónustu kirkjugarða fyrir lykilmönnum í stjórnvísu landsins, jafnt sem um fagrit yrði að ræða (eins og verið hefur). Árið 2021 var blaðið gefið út í 1.200 eintökum. Blaðið var sent út um allt land ókeypis til lykilmanna í þjóðfélaginu. Þessir hópar fá Bautastein: Alþingismenn, oddvitar sveitarstjórna, biskupar og prestar landsins, formenn sóknarnefnda, aðildarfélagar KGSÍ o.fl. Bautasteinn kemur að jafnaði út einu sinni á ári.
- Sjá um almannatengsl, forritun, rekstur á heimasíðu www.gardur.is.
- Sjá um bókhald, fjárvarsla og endurskoðun.
- Taka þátttaka í NFKK – Norrænu samtökunum.

Lagt er til að félagssjóður KGSÍ sjái alfarið um þau verkefni sem eru undir lið D.

Sundurliðanir félagssjóðs KGSÍ og grafarsjóðs árin 2017 - 2021.

Árin 2017 til 2019 voru erfið rekstrarár hjá KGSÍ vegna mikils kostnaðar við forritun bókunarkerfisins sem er hluti af legstaðaskránni www.gardur.is og gildir fyrir allt landið. Sérfræðikostnaður þessi ár var óvenju hár og þurfti stjórn KGSÍ að gjalda báða sjóðina til að standa í skilum. Þetta varð til þess að ýmis gjöld voru sitt á hvað greidd úr félagssjóði eða grafarsjóði, eins og áður sagði, eftir því hver staðan var hverju sinni.

Stjórn KGSÍ hefur nú skilgreint þau verkefni sem eru á borði sambandsins og telur að auðveldar verði að halda þeim aðskildum með því að hafa sérstaka kennitölu fyrir hvorn sjóðinn.



Til að áætla útlagðan kostnað við grafarsjóðinn og félagssjóðinn var farið yfir sundurliðanir síðustu 5 ára (myndir 1 og 2) til að skoða þaðan reynslutölur og áætla árlegan kostnað við þá verkliði sem tilheyra hvorum sjóði fyrir sig. Tekið var tillit til útgjaldaáranna 2017 – 2019 til lækkunar áætlunum.

Hér eru sundurliðanir úr ársreikningum félagssjóðs KGSÍ árin 2017–2021.

Meðaltal sundurliðana sl. 5 ár, þ.e. frá og með 2017 til og með 2021:						
	2021	2020	2019	2018	2017	Meðaltal
Styrkir og aðrar tekjur						
Skráning ítarefnis	82.500	42.000	45.000	81.500	37.000	57.600
Fræðslumál og útgáfa Bautasteir	261.800	317.050	266.050	317.050	317.050	295.800
Rekstrarstyrkur frá kirkjugarðasj	8.500.000	8.500.000	9.800.000	15.000.000	15.500.000	11.460.000
Útseld þjónust vegna gardur.is	183.957	330.690	477.441	170.271	144.761	261.424
	9.028.257	9.189.740	10.588.491	15.568.821	15.998.811	12.074.824
Útgáfu- og dreifingarkostnaður						
Prentun	641.824	549.816	228.584	392.708	48.856	372.358
Annar útgáfukostnaður	408.841	408.841	724.062	507.107	400.457	489.862
Burðargjöld	255.873	233.625	159.737	253.916	297.504	240.131
	1.306.538	1.192.282	1.112.383	1.153.731	746.817	1.102.350
Laun og launatengd gjöld						
Vinnulaun	1.237.072	1.268.000	1.252.566	1.178.026	1.138.662	1.214.865
Aksturskostnaður		-	86.434	20.460	57.200	41.024
Tryggingagjald	82.749	89.907	98.033	92032	54.213	83.387
Lífeyrissjóður	119.443	147.971	146.265	145.113	123.850	136.528
Aðrir sjóðir	844	1.090	1.104	1.170	1.134	1.068
	1.440.108	1.506.968	1.584.402	1.436.801	1.375.059	1.468.668
Annar kostnaður						
Aðalfundarkostnaður	668.629	-	675.256	5.808	-	269.939
Stjórnarfundakostnaður	102.740	17.800	112.820	133.748	82.600	89.942
Fræðslufundur		2.920	14.270	21.740	116.520	38.863
NFKK kostnaður		-	313.000	270.210	367.431	237.660
Bókhaldsvinna, reikningagerð o.f	1.125.068	1.108.528	1.395.529	1.139.881	894.985	1.132.798
Önnur aðkeypt þjónusta	499.528	79.998	4.262.151	191.540	174.334	1.041.510
Afskrifaðar kröfur	5.000.000	4.000.000	367.908	10.745.442	9.444.264	5.911.523
Kostnaður vegna gardur.is	159.972	167.822	388.723	194.035	108.151	203.741
Annar kostnaður	18.300	-	22.417	-	230.387	54.221
	7.574.237	5.377.068	7.552.074	12.702.404	11.418.672	8.924.891

(Mynd 1)



Hér eru sundurliðanir úr ársreikningum um framlag ríkisins árin 2017 – 2021.

Grafarsjóður							
Sundurliðanir sl. 5 ár, þ.e. frá og með 2017 til og með 2021, og meðaltal þeirra:							
	2021	2020	2019	2018	2017	Meðaltal	
Annar kostnaður vegna							
Útdeilingar kirkjugarðagjalda:							
Sérfræðikostnaður	4.915.319	4.403.128	3.390.120	16.724.514	14.565.595	8.799.735	
Könnun og ársuppgjör	379.050	471.075	444.532	591.825	646.655	506.627	
Rekstur garður.is	1.010.626	8.661.028	7.364.427	7.764.585	7.486.196	6.457.372	
KGRP v/greiðslu til kirkjugarða	8.322.219					8.322.219	
Samtals:	14.627.214	13.535.231	11.199.079	25.080.924	22.698.446	17.428.179	

(Mynd 2)

Á mynd 3 er gerð grein fyrir áætluðum kostnaði við útdeilingu framlags ríkisins og rekstri félagssjóðs KGSÍ árið 2022.

FRAMLAG RÍKISINS		FÉLAGSSJÓÐUR KGSÍ	
Áætluð rekstrargjöld 2022:		Áætluð rekstrargjöld 2022:	
Sérfræðikostnaður	5.200.000	Stjórnunarkostnaður	1.920.000
Rekstur garður.is hýsing	1.100.000	Upplýsinga- og fræðslum	1.530.000
Umsýsla KGRP	8.500.000	Sérfræðikostnaður	1.500.000
Endurskoðun	500.000	Bóhald, fjárv. og endursk	1.300.000
SAMTALS:	15.300.000	Aðalfundakostn.	700.000
		Þátttaka í norrænni samv	400.000
		Ferða- og aksturskostn.	350.000
		Rekstur garður.is (félags	200.000
		Annar kostn.	200.000
		SAMTALS:	8.100.000

(Mynd 3)



Á grunni þeirra verkefna, sem hefur verið lýst hér að framan, er lagt til að KGSÍ og kirkjugarðaráð geri samning um úhlutun úr kirkjugarðasjóði til að standa straum af félagslegum verkefnum KGSÍ. Lagt er til að samningurinn gildi fyrir árin 2022 til 2024.

F.h. stjórnar KGSÍ,

Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ.

Þjónustusamningur milli kirkjugarðaráðs og Kirkjugarðasambands Íslands (KGSÍ) fyrir árin 2022 til 2024

Formáli samnings.

Árið 2004 gerði KGSÍ þjónustusamning við kirkjugarðaráð og hefur hann verið uppfærður reglulega.

Stjórn KGSÍ hefur tekið saman greinargerð um öll verkefni sem KGSÍ hefur með höndum, þ.e.a.s. félagslegu verkefni og verkefni við skiptingu á framlagi ríkisins og kostnað við þau. Greinargerð þessi var lögð fram á fundi kirkjugarðaráðs fimmtudaginn 10. febrúar 2022.

Verkefni sem hér eru talin upp tilheyra félagslegum verkefnum KGSÍ en ekki skiptingu á framlagi ríkisins til kirkjugarða. Kostnaður við félagsstarf KGSÍ á árinu 2022 hefur verið áætlaður eins og gerð er grein fyrir hér að neðan.

Kostnaðaráætlun KGSÍ er árið 2022 er alls kr. 8,1 m.kr. og er sundurliðun þannig:

1. Rekstur á Kirkjugarðasambandi Íslands, þ.e. stjórnarlaun, ferðakostnaður, aðalfundarkostnaður, stjórnarfundarkostnaður.
Áætlaður kostnaður kr. 1.920.000
2. Upplýsinga- og fræðslumál um málefni kirkjugarða
s.s. útgáfa Bautasteins o.fl. Áætlaður kostnaður kr. 1.530.000
3. Sérfræðikostnaður. Áætlaður kostnaður kr. 1.500.000
4. Bókhald, fjárvarsla og endurskoðun. Áætlaður kostnaður kr. 1.300.000
5. Áætlaður aðalfundakostnaður kr. 700.000
6. Áætlaður kostnaður vegna þátttöku í NFKK kr. 400.000
7. Ferða- og aksturskostnaður og kostnaður vegna fundar stjórnar.
Áætlaður kostnaður kr. 350.000
8. Rekstur á heimasíðu www.garður.is, þ.e.a.s.
félagslegi hluti hennar. Áætlaður kostnaður kr. 200.000
9. Ritföng, prentun og pappír
Áætlaður kostnaður kr. 200.000

Samtals áætlaður kostnaður við félagsrekstur KGSÍ kr. 8.100.000

SAMKOMULAG

Á grunni þeirra félagslegu verkefna, sem KGSÍ hefur haft mörg síðastliðin ár og hefur verið lýst hér í sérstakri greinargerð sem fylgir þessu samkomulagi, gera KGSÍ og kirkjugarðaráð samning sem gildir fyrir árin 2022 til 2024.

Forsendur samnings þessa er að Kirkjugarðasamband Íslands hefur öðlast viðurkenningu sem hagsmunasamtök (grasrótarsamtök) á vettvangi kirkjugarðamála og að nokkru leyti á vettvangi útfaramála, þegar litið er til alls landsins.

1. gr.

Næstu 3 ár stýrir KGSÍ félagslegum verkefnum í þágu kirkjugarða sem lýst er hér að framan.

2. gr.

Kirkjugarðaráð er samþykkt þeirri verkefna- og útgjaldaskiptingu milli félagssjóðs og grafarsjóðs sem lýst er í greinargerð með þessu samkomulagi.

3. gr.

Kirkjugarðaráð samþykkir að kostnaður við skiptingu á framlagi ríkisins verði ár hvert greiddur af framlagi ríkisins áður en framlaginu er skipt og þau verkefni sem snúast um félagslegan rekstur KGSÍ verði greidd sem rekstrarstyrkur úr kirkjugarðasjóði. Félagssjóður verður færður á sérstaka kennitölu til að auðvelda uppgjör.

4. gr.

Á febrúarfundi kirkjugarðaráðs næstu 3 ár leggur fulltrúi KGSÍ í ráðinu fram til samþykktar kostnaðaráætlun við félagslegan rekstur KGSÍ og rekstur við útteilingu framlags ríkisins. Kostnaðaráætlanirnar eru og verða byggðar á raunkostnaði við framangreind verkefni.

5. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2022 og gildir til 1. janúar 2025. Samningi þessum geta báðir aðilar sagt upp með 6 mánaða fyrirvara.

Reykjavík 10. febrúar 2022.

F.h. Kirkjugarðasambands Íslands



Kirkjugarðasamband Íslands,
Kt. 681196-2429.

F.h. Kirkjugarðaráðs



Kirkjugarðasjóður,
Kt. 590784-0449.

Kirkjugarðasamband Íslands

Ársreikningur

2021

Kirkjugarðasamband Íslands
Vesturhlíð 8
105 Reykjavík
kt. 681196-2429

Kirkjugarðasamband Íslands

Ársreikningur

2021

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2
Áritun skoðunarmanna	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-9

Skýrsla stjórnar

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi og stendur vörð um faglega hagsmuni þeirra.

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Rekstrartekjur ársins 2021 námu samtals kr. 9.028.257 og nam tap ársins kr. 1.274.672. Heildareignir námu kr. 14.539.762 og eigið fé í árslok 2021 nam kr. 13.753.118.

Að álitum stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.


Stjórn Kirkjugarðasambands Íslands staðfestir með undirritun sinni ársreikning sambandsins fyrir árið 2021

Reykjavík, 10. maí 2022

Í stjórn



Þórsteinn Ragnarsson
stjórnarformaður



Guðmundur Rafn Sigurðsson
stjórnarmaður



Albert Eymundsson
stjórnarmaður

Áritun skoðunarmanna

Við kjörnir skoðunarmenn Kirkjugarðasambands Íslands höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2021 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 10. maí 2022


Þóðbjörn Hannesson


Magnús Gunnarsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Kirkjugarðasambandi Íslands

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda við könnun

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni. Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Samkvæmt staðlinum eigum við að leggja fram ályktun um hvort eitthvað hafi komið fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd í samræmi við lög um ársreikninga. Staðallinn gerir jafnframt kröfu um að við fylgjum siðareglum.

Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 10. maí 2022.

Deloitte ehf.



Halldór Arason,
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Styrkir og aðrar tekjur		9.028.257	9.189.740
		<u>9.028.257</u>	<u>9.189.740</u>
Rekstrargjöld			
Útgáfu- og dreifingarkostnaður		1.306.538	1.192.282
Laun og tengd gjöld	3	1.556.108	1.622.968
Annar rekstrarkostnaður		7.458.237	5.261.068
		<u>10.320.883</u>	<u>8.076.318</u>
(Tap) hagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(1.292.626)	1.113.422
Fjármunatekjur	4	26.021	16.422
Fjármagnsgjöld	5	(8.067)	(11.482)
(Tap) hagnaður ársins		<u>(1.274.672)</u>	<u>1.118.362</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Veltufjármunir			
Kirkjugarðaráð, framlag ríkisins til kirkjugarða	7	13.930.484	10.463.716
Aðrar skammtímakröfur	7	329.396	0
Handbært fé	7	279.882	5.691.386
		<u>14.539.762</u>	<u>16.155.102</u>
Eignir		<u>14.539.762</u>	<u>16.155.102</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé	8	13.753.118	15.027.790
Eigið fé		<u>13.753.118</u>	<u>15.027.790</u>
Skammtímaskuldir			
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófestsdæma		729.218	747.983
Aðrar skammtímaskuldir	9	57.426	379.329
Skuldir		<u>786.644</u>	<u>1.127.312</u>
Eigið fé og skuldir		<u>14.539.762</u>	<u>16.155.102</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) hagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(1.292.626)	1.113.422
Veltufé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		(1.292.626)	1.113.422
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun) lækkun		(3.796.164)	4.692.692
Rekstartengdar skuldir (lækkun) hækkun		(340.668)	(299.335)
Handbært fé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		(5.429.458)	5.506.779
Innborgaðir vextir og arður		26.021	16.422
Greiddir vextir		(8.067)	(11.482)
Handbært fé til rekstrar		(5.411.504)	5.511.719
(Lækkun) hækkun handbærs fjár		(5.411.504)	5.511.719
Handbært fé í upphafi árs		5.691.386	179.667
Handbært fé í lok árs		<u>279.882</u>	<u>5.691.386</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi sem stendur vörð um faglega hagsmuni þeirra.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

Almenn stefna sambandsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Engir framvikrir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá sambandinu.

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Salan er skráð þegar vara eða þjónusta er afhent og eignaréttur hefur færst til kaupanda. Tekjur sambandsins koma að mestu leyti frá Kirkjugarðasjóði.

Fjármagnsliðir

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Útistandandi tekjur

Útistandandi tekiur eru færðar á nafnverði.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3. Launamál

	2021	2020
Laun	1.353.072	1.384.000
Launatengd gjöld	203.036	238.968
	<u>1.556.108</u>	<u>1.622.968</u>

4. Fjármunatekjur

	2021	2020
Vaxtatekjur af bankareikningum	5.938	3.222
Aðrar vaxtatekjur	20.033	13.200
	<u>26.021</u>	<u>16.422</u>

5. Fjármagnsgjöld

	2021	2020
Fjármagnstekjuskattur	(323)	(4.001)
Önnur vaxtagjöld	(7.744)	(6.846)
	<u>(8.067)</u>	<u>(11.482)</u>

Skýringar

6. Eignarhlutar í félögum

In Memoriam ehf. var stofnað árið 2000. Eignarhlutur Kirkjugarðasambands Íslands í In Memoriam ehf. er að nafnverði kr. 2.000.000, en er bókfærður á kr. 0.

7. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2021	31.12.2020
Kirkjugarðaráð, framlag ríkisins til kirkjugarða	13.930.484	10.463.716
	<u>13.930.484</u>	<u>10.463.716</u>

11. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2021	31.12.2020
Útistandandi virðisaukaskattur	145.439	0
Aðrar kröfur.....	183.957	0
	<u>329.396</u>	<u>0</u>

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

8. Eigið fé

	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2021	15.027.790
Tap ársins	<u>(1.274.672)</u>
Eigið fé 31.12.2021	<u>13.753.118</u>

9. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Virðisaukaskattur	0	258.326
Ógreidd laun og launatengd gjöld	57.426	99.987
Ógreiddir ýmsir reikningar	0	16.527
	<u>57.426</u>	<u>379.329</u>

Sundurliðanir

	2021	2020
Styrkir og aðrar tekjur		
Skráning ítarefnis	82.500	42.000
Fræðslumál og útgáfa Bautasteins	261.800	317.050
Rekstrarstyrkur frá Kirkjugarðasjóði	8.500.000	8.500.000
Útseld þjónusta vegna gardur.is	183.957	330.690
	<u>9.028.257</u>	<u>9.189.740</u>
Útgáfu- og dreifingarkostnaður		
Prentun	641.824	549.816
Annar útgáfukostnaður	408.841	408.841
Burðargjöld	255.873	233.625
	<u>1.306.538</u>	<u>1.192.282</u>
Laun og launatengd gjöld		
Vinnulaun	1.237.072	1.268.000
Aksturskostnaður	116.000	116.000
Tryggingagjald	82.749	89.907
Lífeyrissjóður	119.443	147.971
Aðrir sjóðir	844	1.090
	<u>1.556.108</u>	<u>1.622.968</u>
Annar kostnaður		
Aðalfundarkostnaður	668.629	0
Stjórnarfundakostnaður	102.740	0
Fræðslufundur	0	2.920
Pappír, prentun og ritföng	239.850	0
Bókhaldsvinna, reikningagerð o.fl.	1.009.068	992.528
Önnur aðkeypt þjónusta	259.678	79.998
Afskrifaðar kröfur	5.000.000	4.000.000
Kostnaður vegna gardur.is	159.972	167.822
Annar kostnaður	18.300	17.800
	<u>7.458.237</u>	<u>5.261.068</u>